

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1980****2018/EES/85/07****frá 31. október 2017****um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar aðferð til að greina lamandi skelfiskseitur (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu <sup>(1)</sup>, einkum 4. lið 11. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis <sup>(2)</sup>, einkum a-lið 13. liðar 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu og í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Framkvæmdarráðstafanir fyrir þessar reglugerðir, að því er varðar viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífseitur, eru settar fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 <sup>(3)</sup>.
- 2) Í 2. lið I. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er kveðið á um að ef niðurstöður úr aðferð til að greina lamandi skelfiskseitur eru dregnar í efa eigi líffræðilega aðferðin að vera tilvísunaraðferðin.
- 3) Á þrítugasta og sjötta fundi nefndar Alþjóðamatvæslaskrárinnar um aðferðir við greiningu og sýnatöku (Búdapest, Ungverjalandi 23.–27. febrúar 2015) <sup>(4)</sup> var staðfest að viðhalda líffræðilegu prófunaraðferðinni í þætti I-8.6.2 í Alþjóðamatvæslaskránni sem gerð IV <sup>(5)</sup>.
- 4) Einungis er hægt að nota aðferðir Alþjóðamatvæslaskrárinnar, þ.m.t. aðferðir af gerð IV, til eftirlits, skoðunar og reglusetningar (meginreglur um fastsetningu greiningaraðferða) og til að leysa deilumál, ef aðilar eru sammála um það (*Guidelines for Settling Disputes on Analytical (Test) Results (CAC/GL 70-2009)*), en ekki sem tilvísunaraðferð.
- 5) Að teknu tilliti til þess að ekki er hægt að nota aðferð af gerð IV sem tilvísunaraðferð er mikilvægt að laga núverandi reglur Sambandsins að alþjóðlegu stöðlunum.
- 6) Með tilliti til þess að hin svokallaða Lawrence-aðferð, eins og hún er birt í „AOAC Official Method 2005.06“ (*Paralytic Shellfish Poisoning Toxins in Shellfish*), er sem stendur notuð til að greina lamandi skelfiskseitursinnihald í ætum hlutum lindýra er heppilegt að nota þessa aðferð sem tilvísunaraðferð til að greina þessi eitur.
- 7) Því ætti að breyta I. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.
- 8) Til að gera aðildarríkjum kleift að laga aðferðir sínar að efnafræðilegu aðferðinni verður heimilt að nota líffræðilegu prófunaraðferðina áfram sem tilvísunaraðferð til 31. desember 2018.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 285, 1.11.2017, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

<sup>(4)</sup> [http://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-715-36%252FFREP15\\_MASe.pdf](http://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-715-36%252FFREP15_MASe.pdf)

<sup>(5)</sup> 56. mgr. í skýrslunni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 komi eftirfarandi:

„I. KAFLI

AÐFERÐ TIL AÐ GREINA LAMANDI SKELFISKSEITUR (PSP)

1. Greina skal innihald lamandi skelfiskseiturs í ætum hlutum lindýra (öllu dýrinu eða einhverum ætum hluta þess) í samræmi við líffræðilegu prófunaraðferðina eða aðra alþjóðlega viðurkennda aðferð.
2. Ef niðurstöðurnar eru dregnar í efa skal tilvísunaraðferðin vera hin svokallaða Lawrence-aðferð, eins og hún er birt í „AOAC Official Method 2005.06“ (*Paralytic Shellfish Poisoning Toxins in Shellfish*).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---